

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 200.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkvæmt kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að ákveða leigu fyrir mælitæki og fjarstýrisrofa og að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannarafveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir hver full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. febrúar 1968, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í kafla I í gjaldskrá þessari. Gjaldskrárliðirnir í kafla I að undanskildum lið F 3 og liðum G 1—4, gilda frá og með 20. september 1970. Gjaldskrárliðirnir F 3 og liðirnir G 1—4 ásamt köflum II, III og IV, gilda frá og með 1. nóvember 1970 samkvæmt heimild Iðnaðarráðuneytisins hinn 1. febrúar 1971, 22. marz 1971 og 9. ágúst 1971.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 65 22. febrúar 1968.

Iðnaðarráðuneytið, 1. september 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fenginni yfirlýsingu um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Svíþjóðar.

Iðnaðarráðuneytið, 21. september 1971.

Magnús Kjartansson.

Árni Þ. Árnason.